

Arnarlax hf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 21. ágúst 2020
UST202008-085/H.G.
08.04

Færsla starfsleyfis fyrir rekstur fiskeldis


Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Fjarðalax ehf. kt. 641109-1770 og Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, sem barst stofnuninni þann 13. ágúst sl. þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Fjarðalax ehf. í Fossfirði (IS-36094) og í Patreksfirði og Tálknafirði (FE-1144), til framleiðslu á laxi í sjókvíum, yfir á Arnarlax ehf. Starfsleyfi Fjarðalax ehf. í fossafirði (Arnarfirði) var upphaflega gefið út hinn 29. febrúar 2012 og gildir til 29. febrúar 2028. Starfsleyfi Fjarðalax ehf. í Patreksfirði og Tálknafirði var gefið út hinn 28. ágúst 2019 og gildir til 28. ágúst 2035.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Ekki er um að ræða breytingar á starfsleyfisskilyrðum. Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Arnarlax ehf., kt. 580310-0600.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingi ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri



Hlín Gísladóttir
lögfræðingur